

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju mánudaginn 8. apríl 2024 kl. 20:00.

Að meðtaldri stjórn mættu 55 á fundinn, félagskonur og gestir.

1. Setning fundar

Oddný Vala Kjartansdóttir formaður, setti fund og bauð fundarkonur velkomnar.

Hún vísaði til samþykktar aðalfundar félagsins í mars síðastliðnum varðandi styrkveitingar og skýrði frá því að á föstudaginn síðastliðinn hafi afhending á 300 þúsund króna styrk frá félaginu til stuðningsfélagsins Krafts, farið fram í húsnæði Krafts í Skógarhlíð. Formaður, gjaldkeri og ritari hittu Þórunni Hildu Jónasdóttur, viðburða- og þjónustustjóra félagsmanna hjá Krafti og fengu frábærar móttökur. Þórunn Hilda sýndi félagsaðstöðuna og fór yfir helstu þætti starfseminnar. Oddný Vala sagði þessa heimsókn hafa veitt fulltrúum stjórnar félagsins vissu um að styrkur félagsins hafi farið í virkilega þarft og gott málefni. Kom fram hjá Þórunni Hildu að Kraftur væri algerlega rekið á frjálsum framlögum og því afar háð velviljuðum einstaklingum, samtökum og fyrirtækjum. Bað hún fyrir kærar kveðjur og innilegar þakkir til félagsins fyrir þennan góða styrk.

Oddný Vala skýrði frá því að frétt hafi verið birt á miðlum félagsins um afhendinguna sem einnig hefur verið deilt á miðlum Krafts. Hvað varðar innkaupin á blóðþrýstingsmælunum til heimahjúkrunar á nokkrum fjörðum fyrir austan þá sagði Oddný Vala það mál vera í vinnslu í samráði við Heilbrigðisstofnun Austurlands.

Oddný Vala sagðist vona félagið verði í þeirri aðstöðu að geta látið enn frekar að sér kveða í samfélaginu í framtíðinni. Hún sagði greiðslu árgjalda hafa gengið vel það sem af er ári og að stjórnin finni aukinn áhuga á félaginu. Það gefi stjórninni byr undir báða vængi.

2. Merkisafmæli félagskvenna

Formaður kallaði til sín tvær félagskonur sem áttu merkisafmæli á milli funda. Erla Skaftadóttir varð 70 ára 12. febrúar síðastliðinn og Sigurbjörg Bjarnadóttir, fyrrverandi formaður félagsins, varð 80 ára 2. apríl síðastliðinn. Báðar eru þær frá Fáskrúðsfirði. Þær voru báðar mættar til fundar og afhenti formaður þeim rós og heklaðan englavæng með hlýjum kveðjum frá félaginu og þökkum fyrir þeirra góða framlag til félagsins.

Að þessu loknu var boðið til kaffihlaðborðsins sem að þessu sinni var í umsjón Ásgerðar Ásgeirsdóttur, Berglindar Björgólfsdóttur, Elísabetu Magnúsdóttur, Fjólu Ólafar Karlsdóttur, Helenu Ísaksdóttur og Oddnýjar Völu Kjartansdóttur.

3. Kynning á dagsferð félagsins.

Halla Kjartansdóttir, ritari stjórnar, kynnti áætlaða dagskrá dagsferðar félagsins sem farin verður laugardaginn 25. maí næstkomandi. Farið verður í uppsveitir Borgarfjarðar, alla leið í Húsafell með viðkomu á nokkrum stöðum. Fyrirhugað er að snæða í Húsafelli og á Húsafellsbænum mun hópurninn svo fá fræðslu um sögu Húsafells og staðhætti. Hraunfossar verða skoðaðir á annarri hvorri leiðinni og gert er ráð fyrir einu stoppi í viðbót. Unnið er að endanlegri dagskrá ferðarinnar og mun hún verða kynnt þegar

nær dregur. Lagt verður af stað kl. 10:00 frá Grensáskirkju og áætlað er að koma til baka á milli kl. 17 og 18. Skráning í ferðina hefst fljótlega. Reynt verður að hafa þáttökugjaldið í ferðina eins hóflegt og hægt er og mun félagið greiða niður rútukostnaðinn.

Halla sagði stjórnina mjög spennta fyrir ferðinni. Ferðin sé hugsuð sem skemmtileg dagsstund til að þjappa hópnum saman og enda vorönn félagsins á skemmtilegum nótum fyrir sumarhlé.

3. Spilabingó

Systurnar Oddný Vala og Halla Kjartansdætur sáu um spilabingó. Fjöldi flottra vinninga voru í boði og var spilað í klukkustund. Aðgangur að bingóinu var einungis 1.000 kr.

5. Fundarslit

Oddný Vala þakkaði þátttakendum fyrir skemmtilegt bingó og gefendum vinninga innilega fyrir þeirra framlag. Hún minnti á að ekki væri gert ráð fyrir fundi í maímánuði heldur væri dagsferðin viðburður félagsins þann mánuð.

Oddný Vala sagði formlega dagskrá fundarins á enda en hvatti fundarkonur til að sitja áfram, fá sér meira af veitingunum og njóta þess að spjalla lengur inn á kvöldið. Hún bað þær konur sem sáu um kaffihlaðborð kvöldsins að standa upp og gaf salurinn þeim gott lófatak fyrir glæsilegar veitingar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.